

192. fundur Skóla- og frístundaráð, haldinn í Miðjunni, Dalbraut 4, þriðjudaginn 3. maí 2022 og hófst hann kl. 16:00.

Fundinn sátu:

Bára Daðadóttir formaður, Sandra Margrét Sigurjónsdóttir varaformaður, Ragnar B. Sæmundsson aðalmaður, Valgerður Janusdóttir sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs, Dagný Hauksdóttir verkefnastjóri og Sólveig Sigurðardóttir verkefnastjóri.

Fundargerð ritaði: Valgerður Janusdóttir, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs.

Fyrir tekið:

Sameiginlegur fundur skóla- og frístundaráðs og velferðar- og mannréttindaráðs.

Gestir á fundinum voru fulltrúar heilsugæslu HVE þær Hulda Gestsdóttir, Aníta Einarsdóttir og Þóra Björg Elíadóttir.

1. 2111137 - Samþætting í þágu farsældar barna - Vinnudagur þjónustuveitenda um innleiðingu laga 17.11.2021

Sameiginlegt mál skóla- og frístundaráðs og velferðar- og mannréttindaráðs.

Skóla- og frístundaráð þakkar fulltrúum HVE komuna á fundinn og vonast eftir góður og árangursríku samstarfi við innleiðingu á samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna.

Fulltrúar HVE yfirgefa fundinn.
Sólveig yfirgefur fundinn.

2. 2203074 - Móttaka flóttafólks

Sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs fer yfir stöðu komu flóttafólks frá Úkraínu til Akraness.

Skóla- og frístundaráð þakkar góða yfirferð um stöðu verkefnisins.

Sameiginlegum fundi lýkur.

Eftirfarandi dagforeldrar mættu á fundinn:

Sæunn K Hilmarsdóttir, Sigríður Brynjólfssdóttir, Unnur Sigurðardóttir, Margrét Hlíf Óskarsdóttir, Sædis Eva Óðainsdóttir, Guðmundur Árnason, Sara Lísa Ævarsdóttir.

3. 2204005 - Dagforeldrar 2022 - 2023

Umræða um stöðu dagforeldra.

Dagforeldrum er boðið að mæta á fundinn.

Skóla- og frístundaráð þakkar dagforeldrum fyrir komu á fundinn og fyrir umræður um málefni dagforeldra og framtíðar verklag í samskiptum Akraneskaupstaðar við dagforeldra.

Dagforeldrar yfirgefa fundinn.

4. 2203061 - Námsvist utan lögheimilissveitarfélags

Skóla- og frístundaráð hafnar fyrirbyggjandi beiðni.

BO

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 19:00.

Báre Dása döttir
Sandra Margrét Sigurjónsd.
Ragnar Samundsson
Valgerður Jónsdóttir
Dagný Hauksdóttir